

**Nd. 381. Frumvarp til laga [144. mál]**

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands:

1. Fjárhæð þá, sem veðdeildin skuldar sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands 31. des. 1956.
2. Árlegt framlag, 5 milljónir króna á ári í næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1957.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp það, sem hér er flutt, er samið af millipinganefnd þeirri, sem skipuð var af fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Steingr. Steinþórssyni, þann 5. júlí s. l. til þess að gera tillögur um bættu aðstöðu nýbýlamanna og annarra frumbýlinga og þeirra bænda, sem skemmst eru á veg komnir með ræktun.

Í þessari nefnd voru: Kristján Karlsson skólastjóri á Hólum, formaður, Pétur Ottesen alþm. og Þorsteinn Sigurðsson bóndi á Vatnsleysu, tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands, Jón Pálmason alþm. og Pálmi Einarsson landnámsstjóri, tilnefndir af nýbýlastjórn ríkisins.

Nefndin afhenti landbúnaðarráðherra þetta frumvarp um miðjan nóvember s. l. Síðan hefur það eigi komið fram, og því höfum við flutningsmenn farið fram á, að öll landbúnaðarnefnd Nd. flytji frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson og Gunnar Jóhannsson, hefur þó eigi fengið til þess, en telur, að mál þetta sé til athugunar hjá ríkisstjórninni.

Þar sem málið er mjög aðkallandi og alger óvissa um það, hvort nokkuð kemur frá ríkisstjórninni til úrlausnar í málinu, teljum við okkur ekki fært að bíða lengur með að leggja frumvarpið fram, svo að Alþingi gefist kostur á að taka sínar ákvarðanir um það.

Þess skal getið, að síðan millipinganefndin skilaði frumvarpinu, hefur eitt atriði þess verið afgreitt með fjárlagaákvæði, en það er að gefa eftir skuld veð-

deildar Búnaðarbankans við ríkissjóð, að upphæð 6 milljónir króna. Fellum við því að sjálfsögðu það atriði út úr frumvarpinu.

Hér með fylgir greinargerð millipinganevndarinnar. Er hún svo hljóðandi:

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands hefur, frá því að deildin var stofnuð, ráðið yfir mjög takmörkuðu eigin fé til útlána. Í árslok 1955 er skuldlaus eign veðdeildarinnar aðeins 2.45 milljónir króna, en deildin skuldar nú sparisjóðsdeild Búnaðarbankans 5 milljónir króna. Af þessu er ljóst, að þar sem deildin verður að afla lánsfjár til útlánastarfsemi sinnar, þá hefur veðdeildin ekki getað leyst þau verkefni, sem henni upphaflega voru ætluð, en auk þeirra hafa síðar komið fram ný verkefni, sem eðlilegt og nauðsynlegt væri að veðdeildin gæti leyst.

Aðalhlutverk deildarinnar hefur verið að auðvelda þeim, er vilja hefja búskap, kaup á ábúðarfærum jörðum, sem boðnar eru til sölu af eigendum. Veðdeildarlánin hafa og að því stutt að greiða fyrir því, að einhver erfingja við fráfall eiganda og ábúanda geti leyst inn eignarhluta samarfa sinna og tekið við búi á jörðinni.

Hin síðari ár og einkum á tímabilinu eftir 1946 hefur landbúnaðurinn orðið að auka vélanotkun við búreksturinn til að geta haldið búsafkomu í horfi þrátt fyrir minnkandi vinnuafl á heimilunum. Þetta hefur breytt allri aðstöðu varðandi útgjaldahlíð búrekstrarins. Stofnlán til véla- og áhaldakaupa hafa ekki verið fáanleg og ekki heldur lán til bústofnskaupa fyrir frumbýlinga.

Fjárfesting þessi hefur algerlega hvílt á rekstrinum og hefur leitt til, að bæði bændur og frumbýlingar hafa stofnað til óhagkvæmra lausaskulda vegna þessa tilkostnaðar eða annars orðið að vera án tæknihjálparinnar og ekki getað komið upp bústofni nægilega fljótt. Þetta leiðir til þess, að þeir, sem við slíka aðstöðu búa, dragast aftur úr í búrekstri sínum, en það er einstaklingum, viðkomandi hreppsfélögum og landbúnaðinum í heild skaðlegt.

Skortur á lánsmöguleikum til vélabúskapar, bústofnskaupa og til innlausnar á arfahlutum meðarfa í jörðunum eykur fráhræfningu ungs fólks frá landbúnaðinum, er það sér ekki færar leiðir til að taka við jörð og búi nánustu skyldmenna, er láta af bústörfum fyrir aldurs sakir. Þeir, sem þrátt fyrir þessa örðugleika ráðast í yfirtöku jarða, verða að sæta því, að seljendur taki forgangsveðrétti fyrir skuldbréfum, sem greiddast eiga á mjög stuttum tíma, og því hvíla á frumbýlingum þessum háar afborganir og árgreiðslur fyrstu árin.

Með þessu frumvarpi er til þess ætlað að auka svo fjárhagsgetu veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, að henni sé fært að sinna því aðkallandi verkefni að bæta aðstöðu frumbýlinga. Koma þar jöfnum höndum til greina nýbýlamenn og hinir, sem fá möguleika til að hefja búskap á byggðum jörðum. Allir þessir menn þurfa mikið lánsfé til stofnkostnaðar búa sinna, sem nú er orðinn svo mikill, að engar smáupphæðir hrökkva til. Nefndin ætlast ekki til, að veðdeildin láni til húsaþynginga og jarðræktar, því að það eiga hinar deildir bankans, byggingarsjóður og ræktunarsjóður, að gera.

En kaup á jörð, búpeningi, vélum og öðrum áhöldum kostar svo mikið fé, eins og nú er komið, að óhjákvæmilegt er, að frumbýlingar fái verulegt lánsfé til þess, þegar þeir hefja búskapinn. Ella heldur áfram í þá átt, að margir ungir menn fara burt úr sveitunum, af því að þeir hafa enga möguleika til að stofnsetja lífvænlegt bú.

Nefndinni er ljóst, að ekki er hátt stefnt með þeim kröfum, sem í frumvarpinu eru, af því að fjárþörfin er svo mikil. En hún sá þó eigi fært að fara fram á hærri fjárhæð eins og nú stendur.

Tilhögun lánanna, þ. e. lásupphæð, afborgunarfrest og vexti, ætlast nefndin til að bankastjóri setji reglur um, gerir þó ráð fyrir, að vextir og lánstími verði með svipuðum hætti og verið hefur. En þótt upphæð lánanna verði að breytast til hækkunar almennt, þá verður það atriði naumast einskorðað með lögum.